

# STARFSLEYFI

[UST202203-132]<sup>1</sup>

Landeldi á laxfiskum

Fiskeldi Austfjarða hf.,

Röndin á Kópaskeri

Lögheimili:

Strandgötu 18, 735 Eskifjörður

Kt.: 520412-0930

## 1 ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Fiskeldi Austfjarða hf., kt. 520412-0930, fyrir landeldi á laxfiskum á Röndinni við Kópasker. Fiskeldi Austfjarða hf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði breytingar á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun um slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin opinber leyfi.

Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til landeldis á laxfiskum á Röndinni Kópaskeri. Hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir [2.700]<sup>2</sup> tonn.

### 1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda

<sup>1</sup> Breyting 2023, nýtt málsnúmer eldra var UST202013-031.

<sup>2</sup> Breyting 2023, áður stóð 400.

og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

#### **1.4 Breytingar á rekstri**

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.

Breytingin skal vera í samræmi við matskylduákvörðun Skipulagsstofnunar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar, sbr. lög nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ef við á.

#### **1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun) og neyðaráætlun**

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal m.a. gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá fiski, úrgangi, efnaafgöngum, húsnæði, tækjum, olíugeymum, lögnum, menguðum jarðvegi og rekstrarsvæði á viðurkenndan hátt. Í áætluninni skal ávallt gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og skal tryggja að ekki séu skilin eftir hráefni í starfsstöðinni eða á lóð hennar. Einnig skal vera ákvæði um næstu endurskoðun hennar. Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk á eldisstöðinni ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megí út frágang.

#### **1.6 Endurskoðun starfsleyfis**

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, sbr. einnig 14. og 15. gr. laga nr. 7/1998.

[Umhverfisstofnun er einnig skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið, meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í starfsleyfinu.<sup>3</sup>
- Niðurstöður umhverfisvöktunar, sbr. gr. 5.1, benda til þess eða Umhverfisstofnun hefur með öðrum hætti upplýsingar um uppsöfnun næringarefna eða að aðrar óhagstæðar aðstæður í umhverfinu eða náttúrunni hafi komið upp.
- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breyting verður á skipulagi.

Við endurskoðun starfsleyfis skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fyrir fiskeldi, þ.m.t. kröfur vegna frárennismála, séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar getur útgefandi krafist endurskoðunar starfsleyfisins.

Rekstraraðila er þó ætíð skyldt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

## 1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

---

<sup>3</sup> Breyting 2023, viðbót

## 1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður og önnur viðeigandi gögn samkvæmt gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

# 2 STARFSHÆTTIR

## 2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við reksturinn. Í því felast aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

## 2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

## 2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Starfsfólk skal vera þjálfað til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað stöðvarinnar.

Rekstraraðila er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Rekstraraðila skal sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar, öryggis eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

## 2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

## 2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

## 2.6 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem geta haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal viðeigandi Heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.7 Tryggingar vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004.

## 2.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrði sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota meggi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

## 3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

### 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambætta mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskopdrætt í Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

Verði breytingar á bestu aðgengilegur tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt gr. 1.6.

### 3.2 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

### 3.3 [Auðlindanýting]<sup>4</sup>

Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er. Aðföng og orku skal nýta á sem bestan hátt ásamt því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif eldisvatnsins. Sjá gr. 3.1.

### 3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í frárennsli má ekki fara yfir 10,0 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

### 3.5 Losun og frágangur við útrás frárennslis

Um losun og frágang við útrás frárennslis gildir 7. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp. Mannvirki við útrás frárennslis skal tryggilega frágengið þannig að það sé viðunandi rennsli og að endi útrásar verði ávallt á kafi á fjöru. Viðunandi rennsli einkennist af því að ekki myndist pollar eða að sjá megi uppsöfnun næringarefna nærrí útrásinni. Umhverfisstofnun getur skilgreint nánar hvort rennslið sé viðunandi og gert kröfu um úrbætur. Taka skal myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring á tveggja mánaða fresti. Teikningar og gögn um fráveitu skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila sé kallað eftir þeim.

Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með settjörn, tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði sem hreinsar frárennslið. Umhverfisstofnun getur farið fram á breytingar á fyrirkomulagi hreinsunar bendi mælingar til að losun sé yfir mörkum sem sett eru í starfsleyfi.

Verði vart við uppsöfnun mengunarefna við útrásina getur Umhverfisstofnun sett rekstraraðila frest til að framkvæma einhverja eftirfarandi aðgerða eða fleiri aðgerðir í einu:

- Frágangur útrásar sé bættur.
- Frárennslisvatn verði vel hreinsað með frekari hætti.
- Rekstraraðila verði gert að finna aðra varanlega lausn á málinu.

Í alvarlegri tilvikum getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum gr. 1.7.

<sup>4</sup> Breyting 2023, áður stóð „Eldisvatn“.



Við útrásir þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka, sbr. gr. 3.4, má ekki vera:

- Set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir).
- Olía eða froða.
- Sorp eða aðrir aðskotahlutir.
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

### 3.6 Lífríki og flokkun vatns

Starfsemi rekstraraðila getur haft áhrif á strandsjávarvatnshlot nr. 102-1367-C og grunnvatnshlot nr. 102-136-G. Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu vatnshlot ná umhverfismarkmiðum sínum um að minnsta kosti gott ástand. Reksturinn má ekki valda því að vistfræðilegu og/eða efnafræðilegu ástandi strandsjávarhlotsins hraki. Þá skal tryggja sjálfbæra nýtingu grunnvatns þannig að jafnvægi sé milli vatnstöku og endurnýjunar. Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflokka í vatnaáætlun. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða leyfið, sbr. gr. 1.6 ef ástandi vatns fer hrakandi vegna starfseminnar og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

Vöktun vatns vegna starfseminnar skal fara fram í samræmi við gr. 4.3 og 5.1, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 36/2011.

### 3.7 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Rekstraraðili skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um varnir geng mengun vatns. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal vera aðskilið frá fráveitu eldisins.

### 3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að útrás stöðvarinnar. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

### 3.9 Dauðfiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en það er losað í viðtaka. Endurnýta skal dauðfisk eins og kostur er. Skriflegur samningur skal liggja fyrir við þann aðila sem tekur við dauðum fiski til meðhöndlunar og skal sá aðili hafa til þess öll tilskilin leyfi og eftirlitsaðili hafa aðgang að honum. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði gr. 3.10 um lífbrjótanlegan úrgang og reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis..

### 3.10 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Áætlunin skal m.a. taka til endurnýtingu lífbrjótanlegs úrgangs (þ.m.t. fastefnis úr frárennsli) og innihalda tímasett skref þar sem endurnýting kemur í stað förgunar með urðun. Áætluninni skal vera skilað fyrst til eftirlitsaðila ekki síðar en eftir gildistöku starfsleyfis, til samþykktar. Ef þörf er á skal áætlunin uppfærð. Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs.

Fastefni sem hreinsað er úr frárennsli skal endurnýta eins og kostur er. Rekstraraðili skal útbúa áætlun um endurnýtingu fastefnis úr frárennsli eldisstöðvarinnar og vinna samkvæmt henni. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, sjó, yfirborðsvatn eða grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

### 3.11 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunum skv. gr. 2.6.

## 4 INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

### 4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

- Lífmassaukning, framleiðsla og afföll ársins,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sóttahreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans,
- staðfesting á að þjálfun starfsmanna hafi farið fram sbr. gr. 2.3.,
- magn næringarefni í frárennsli við mestu og minnstu fóðrun (losunarmælingar) sbr. gr. 4.3,
- niðurstöður mælinga,
- tæmingu olúgilda,
- hreinsun á mengunarvarnabúnaði,
- myndir af útrás sbr. gr. 3.5,
- lyfjagjöf.

### 4.2 Búnaður til sýnatöku

Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli áður því er veitt til sjávar. Umhverfisstofnun getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið er að sýnatöku og hvaða aðila sé falið að taka sýni.

### 4.3 Sýnataka úr frárennsli og strandsjávarvatnshloti vegna losunar næringarefna

Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD<sub>5</sub>) [a.m.k. tvisvar á ári en fjölda mælinga er hægt að endurskoða, sbr. gr. 2.6.]<sup>5</sup>

---

<sup>5</sup> Breyting 2023, viðbót.



Mæla skal magn heildarfósfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við útrás frárennslis frá stöðinni annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Fjöldi mælinga er hægt að endurskoða, sbr. gr. 2.6. [Fylgjast skal árlega með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis, út frá mældum gildum og útreikningum frá fóðurnotkun]<sup>6</sup>. Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila sbr. gr. 4.4. Meta skal virkni hreinsibúnaðar eldisvatns í frárennslu við útrás, sbr. gr. 3.4 og 3.5, og ákvarðanir teknar um hvort bregðast þurfi við með aukinni hreinsun. Skulu niðurstöður vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

#### 4.4 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. gr. 3.6.

#### 4.5 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni, og öðrum upplýsingum sem stofnunin telur þörf á, með rafrænum hætti skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar. Eftirlitsaðili getur veitt rekstraraðila heimild til að skila umhverfisupplýsingum sameiginlega með ársyfirliti sbr. gr. 4.4 en skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

## 5 UMHVERFISVÖKTUN

### 5.1 Vöktunaráætlun

Rekstraraðili skal hafa vöktunaráætlun þar sem tiltekin er vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni eldisstöðvarinnar og útrásarinnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur sbr. gr. 4.3. Umhverfisstofnun getur tekið ákvörðun um að gera breytingar á fyrirkomulagi umhverfisvöktunar telji stofnunin að ástæða sé til og gera breytingar á vöktunaráætlun.

Í strandsjávarvatnshlotinu skal starfsleyfishafi vakta líffræðilega gæðapætti í strandsjó (níturat, fosfat, blaðgrænu a, hryggleysingja á mjúkum botni og botnþörungum á hörðum botni) svo hægt verði skera úr um álag og ástandsmeta vatnshlotið. Skulu mælingarnar fara fram á þriggja ára fresti og hefjast á nýju almanaksári eftir útgáfu leyfis. Nánari lýsingu á mælingum og tíðni má finna í viðauka leyfisins.

Í grunnvatnshlotinu skal vakta magnstöðu grunnvatns. Eftirlitsaðila er heimilt að krefjast mælinga eða aðgangs að mælingum á grunnvatninu og eftir atvikum krafist þess að vöktunaráætlun sé uppfærð.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga og mælinga, sbr. gr. 4.1 og 4.3, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Komi í ljós að vatnshlotin uppfylla ekki umhverfismarkmið sín er Umhverfisstofnun heimilt að endurskoða starfsleyfið, sbr. einnig gr. 1.6.

Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársyfirlit sbr. gr. 4.4 ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

<sup>6</sup> Breyting 2023, viðbót.

## 5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir tengdum vöktunarmælingum og öðrum mælingum sem Umhverfisstofnun leitar eftir skv. starfsleyfi þessu. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

## 6 GJALDSKYLDA

Starfsemin fellur undir lið 2 í viðauka II laga nr. 7/1998 og lið 2 í viðauka IX reglugerðar nr. 550/2018. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

## 7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast þegar gildi og gildir til 15. apríl 2037.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík [16.11.2023]<sup>7</sup>

Umhverfisstofnun

Sigrún Ágústsdóttir  
*forstjóri*

Steinar Rafn Beck Baldursson  
*sérfræðingur*

---

<sup>7</sup> Leyfið var upphaflega gefið út 15.04.2021  
Síða 10 af 15

## VIÐAUKI

### Um ákvörðun losunarmarka:

- i. Umhverfisstofnun hefur í gr. 3.4 sett viðeigandi losunarmörk á fosfór í frárennsli (10,0 kg/tonn). Samkvæmt gr. 7.2 í reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, er slík losun eingöngu heimil ef hún er byggð á heimild í starfsleyfi og að í leyfinu séu sett losunarmörk. Ákvörðun markanna byggist á almennu mati á viðtaka og umfangi starfseminnar.
- ii. Skilyrði um útrásir þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka í gr. 3.5 eru samkvæmt ákvæðum fylgiskjals 1A. í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ.
- iii. Mælingar á lífrænu efni í gr. 4.3 eru til upplýsinga en ekki til að uppfylla losunarmörk.

### [Mælingar í strandsjávarvatnshloti

- Umhverfisstofnun gerir kröfur í gr. 3.4 og 4.3 um mælingar í strandsjávarvatnshlotinu í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.
- Aðferðir við sýnatöku skulu vera í samræmi við leiðbeiningar Hafrannsóknarstofnunar um sýnatökur. Tryggja þarf samanburðarhæfni í sýnatökum og mælingum.
- Sýnatökustaðir skulu valdir með tilliti til umhverfisaðstæðna í námunda við útrás. Æskilegt er að taka sýni af hryggleysingjum á mjúkum botni í straumstefnu sjávar frá útrásaropi á tveimur stöðum. Fyrri sýnatökustaður um það bil 100 metra frá útrás í straumstefnu útrásar. Seinni sýnatökustaðurinn um það bil 200 metra frá í sömu stefnu. Þriðja sýnið skal tekið á viðmiðunarstað sem er ekki undir mögulegum áhrifum af mengun. Ákveða skal sýnatökustaði með sýnatökuaðila og Umhverfisstofnun.
- Tíðni mælinga skulu vera í samræmi við eftirfarandi töflu.

MÆLIÞÆTTIR Í STRANDSJÓ	HVENÆR ÁRS	TÍÐNI MÆLINGA	AÐFERÐ
Nítrat (NO <sub>3</sub> )	Vetur (janúar – mars)	4	
Fosfat (PO <sub>4</sub> )	Vetur (janúar – mars)	4	
Blaðgræna a	Sumrin (mars- okt)	4	
Hryggleysingjar	Sumrin (mars- okt)	1 (3 botngreipar)	Tegundafjöldi og fjölbreytileiki hryggleysingja á mjúkum botni

]<sup>8</sup>

## Fylgiskjal

### Greinargerð vegna breytinga á starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða hf., Röndinni, Kópaskeri.

#### 1. Almennt

Fiskeldi Austfjarða hf. sótti um breytingu á starfsleyfi á Röndinni, Kópaskeri 9. mars 2022 fyrir aukinn lífmassa úr 400 í 2.700 tonn. Fiskeldi Austfjarða hf. (áður Rifós ehf.) hefur verið með starfsleyfi eins og áður segir fyrir allt að 400 tonna lífmassa og er því aðallega um að ræða breytingu á umfangi í starfsleyfinu.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að breytingu á starfsleyfinu, sbr. 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, til eldis með 2.700 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma, á tímabilinu 9. október 2023 til og með 7. nóvember 2023. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 9. október sl. ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send til rekstraraðila, sveitarfélagsins, heilbrigðiseftirlits (b.t. heilbrigðisnefndar) og á aðra hagsmunaaðila sama dag og hún var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Unnið var í samráði við Matvælastofnun um samræmingu vegna tillagna starfsleyfis og rekstrarleyfis. Tillögur að báðum leyfum voru auglýstar á vefsíðum stofnananna.

#### 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar um framkvæmdina lá fyrir þann 11. júlí 2022.<sup>9</sup> Í ferli fyrir breytingu á starfsleyfinu hefur Umhverfisstofnun farið ítarlega yfir matsskýrslu og álit Skipulagsstofnunar með tilliti V. kafla laga nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfisstofnun hefur yfirfarið ítarlega matsskýrslu og álit Skipulagsstofnunar m.t.t. þess hvort umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafi verið lýst með fullnægjandi hætti og hvort gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum er lagt til grundvallar þessu starfsleyfi ásamt matsferlinu í heild og umsókn rekstraraðila. Umhverfisstofnun veitti umsögn til Skipulagsstofnunar um umhverfismatsskýrslu þann 20. maí 2022.

##### 2.1 Grunnvatn og yfirborðsvatn

Í umfjöllun um vatnsnotkun kemur fram að nokkur óvissa ríki um hana og þá sérstaklega hver áhrif aukinnar vatnstöku muni hafa á grunnvatnsstöðu. Sérstaklega þurfi að horfa til áhrifa á mýrar og tjarnir innan áhrifasvæðisins og bregðast við ef breytingar verði á vatnshæð sem hægt er að rekja til vatnstökunnar. Umhverfisstofnun tekur undir með Skipulagsstofnun að óvissa ríki um áhrif vatnstökunnar á votlendið í kring og því mikilvægt að fram fari vöktun samhliða aukinni vatnstöku

---

<sup>9</sup> <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/nr/1215#alit>  
Síða 12 af 15

og brugðist verði við ef áhrif koma fram. Áhrifin geti orðið talsvert neikvæð en fjallað verður nánar um þetta í nýtingarleyfi Orkustofnunar. Í gr. 3.6 og 5.1 starfsleyfisins er gerð krafa um vöktun vatnhlota.

## 2.2 Fuglar

Umhverfisstofnun bendir á að líkt og við fyrri framkvæmd þá mun þessi stækkun hafa áhrif á stóran hluta varpsvæða kríu og hettumáfs sem höfðu nýtt þetta svæði. Líklegt er að nú þegar hafi áhrifin komið fram við byggingu fyrri áfanga stöðvarinnar en draga megum úr þessum áhrifum með því að bæta önnur svæði sem fuglinn getur fært sig á. Einnig gæti vatnstaka haft áhrif á fuglalíf vegna lækkandi vatnsstöðu og vert að huga að því líka. Áhrifin á fuglalíf geta orðið talsvert neikvæð en líklega að einhverju leiti komin fram vegna fyrri framkvæmdar en hægt sé að draga úr þeim áhrifum með mótvægisáðgerðum líkt og bent hefur verið á.

## 2.3 Fráveita - Lífríki fjöru

Umhverfisstofnun metur það líkt og Skipulagsstofnun að áhrif á lífríki fjöru og viðtaka verði óveruleg. Þrátt fyrir aukið umfang þá eru notaðar tromlusíur sem fanga fastefni þannig að aðallega veðri um uppleyst næringarefni sem losað verði í viðtakan. Í starfsleyfi er gert fyrir vöktun á losun ákveðinna efna í frárennsli frá stöðinni en einnig er krafa um vöktun viðtaka í samræmi við lög um stjórn vatnamála. Áhrif á viðtakann hafa einnig verið metin og tekin til umfjöllunar hjá Umhverfisstofnun (sjá gr. 3 hér að neðan).

## 2.4 Ásýnd og útivist

Áhrif á ásýnd og útivist eru að mestu leyti þegar komin fram vegna fyrri framkvæmdar en munu aukast að nokkru leyti með aukningu á umfangi. Að mati Umhverfisstofnunar er þó hægt að draga mikið úr þeim áhrifum með góðri og snyrtilegri umgengni um svæðið og getur stofnunin brugðist við því skv. gr. 2.3.

## 2.5 Náttúruverndarsvæði – jarðminjar

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að raski á jarðmynduninni verði haldið í lágmarki og þar sem nú þegar hafi orðið töluvert rask á svæðinu auki það mikilvægi þess að að vernda þann hluta myndunarinnar sem minnst er svæði á náttúruminjasrá skv. aðalskipulagi sveitarfélagsins og leggja áherslu á vandaða raskaður. Að öðru leyti þarf við allar framkvæmdir að taka tillit til þess að áhrifasvæðið er allt á og við skilgreint náttúruverndarsvæði og því þarf að vanda til við uppbyggingu og frágang mannvirkja og lóðar. Að mati Umhverfisstofnunar veldur raskið nokkuð neikvæðum áhrif á náttúruverndarsvæðið en mikilvægt líkt og bent er á að vanda til verka á framkvæmdatíma.

## 3. Mat á áhrifum á vatnshlot, skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála

Stofnunin hefur farið yfir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar en til viðbótar óskaði stofnunin þann 21. ágúst sl. eftir mati rekstraraðila á áhrifum starfseminnar á vatnshlotið Hvanndalir að Digranesi nr. 102-1367-C skv. lögum um stjórn vatnamála. Þann 7. september sl.

sendi rekstraraðili mat á áhrifum á vatnshlotið. Umhverfisstofnun hefur farið yfir mat rekstraraðila á áhrif á vatnshlotið og gerir ekki athugasemdir við það mat en rekstraraðili vaktar þá gæðapætti sem geta orðið fyrir áhrifum og Hafrannsóknastofnun hefur gefið út leiðbeiningar um. Fjallað er um þá vöktun í vöktunaráætlun rekstraraðila og telur stofnunina hana fullnægja þeim kröfum.

#### 4. Niðurstaða

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um breytingu á starfsleyfi að undangenginni ítarlegri yfirferð á gögnum og með tilliti til málsmeðferðargagna.

Umhverfisstofnun telur að kröfur og vöktun sem tilgreind eru í starfsleyfinu séu líkleg til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og feli í sér samþættar mengunarvarnir og stuðli að því að vel verði fylgst með umhverfisáhrifum. Stofnunin telur að þau umhverfisáhrif sem eldið muni valda verði að mestu staðbundin og afturkræf ef undan eru skilin sú óvissa sem ríkir um áhrif vatnstöku og vegna rasks á náttúruverndarsvæði.

Umhverfisstofnun telur að umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafi verið lýst með fullnægjandi hætti og að matsferlið í heild sé traustur og lögmætur grundvöllur fyrir breytingu á starfsleyfinu.

#### 5. Athugasemdir við auglýsta tillögu

Engar athugasemdir bárust vegna auglýstrar tillögu á auglýsingatíma. Ein ábending barst stofnunninni fyrir auglýsingatíma frá Norðurþingi og er gert grein fyrir henni hér að neðan.

- Norðurþing sendi inn ábending til Umhverfisstofnunar í kjölfar erindis frá tveimur íbúum í sveitarfélaginu sem snéru áhyggjum vegna lækkandi yfirborðs tjarna í nálægð við eldið á Röndinni.
- *Fjallað er um áhrif á grunnvatnsstöðu og þau áhrif sem hún gæti hafi í áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Líkt og þar er fjallað um og hér að ofna þá ríkir ákveðin óvissa með hvaða áhrif aukin vatnstaka muni hafa á votlendið í næsta nágrenni við eldið. Leyfi vegna vatnstöku og borhola er á höndum Orkustofnunar sem á að gera þá kröfu um að vöktun á áhrifum fari fram og brugðist við með þeim hætti er vísað er til í áliti Skipulagsstofnunar. Umhverfisstofnun vísar einnig til kröfu um vöktun skv. gr. 5.1 er snýr að vatnshlotum sem rekstraraðili hefur áhrif á, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga um stjórn vatnamála.*

#### 6. Breytingar frá auglýstri tillögu

Gerðar hafa verið lítillegar breytingar á gr. 3.6 og 5.1 sem snúa báðar að því að styrka þá vöktun sem krafist er og vísa til aukinna krafna vegna vatnamála.

#### 7. Aðrar leyfisveitingar



Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Unnið var að samræmingu starfsleyfis og rekstrarleyfis hjá stofnununum, sbr. lög nr. 71/2008 um fiskeldi og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 8. Gildistaka

Stofnunin hefur tekið ákvörðun um útgáfu á breyttu starfsleyfi fyrir rekstraraðila. Umhverfisstofnun sendir Matvælastofnun starfsleyfið eftir ákvörðun um útgáfu, sbr. 10. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi, sem afhendir það og birtir rekstraraðila.